

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1997

18. desember 1997

1587

Nr. 692

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1998.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1998 verið ákveðið 11,61%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ástráður Karl Guðmundsson.

15. desember 1997

Nr. 693

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Akranesi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Akranesi. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar, blómaverslanir, söluturnar, myndbandaleigur ásamt gististarfsemi og tengdri þjónustu. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana á Akranesi skal vera frjáls, að uppfylltum skilyrðum 3. og 4. greinar.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 23.30 - 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda fari afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páska-dag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn sem komnir eru í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi. Sama gildir um verslanir sem selja minjagripa sem ætlaðir eru ferðamönnum.

8. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3 gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðis-nefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar með heimild í 1. gr. laga nr. 17/1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi með þeim takmörkunum sem lög nr. 32/1997 um helgidagafrið setja. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akranesi nr. 433/1984.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.